

Fundargerð 75. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2023, fimmtudaginn 19. október kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Fannar Jónasson, Íris Róbertsdóttir, Björn Ingimarsson og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir.

Að auki sátu fundinn Valgerður Freyja Ágústsdóttir sem ritaði fundargerð.

Baldur Smári Einarsson og Heimir Örn Árnason boðuðu forföll á fundinn.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Uppbygging og umgjörð lagareldis stefnumótun til 2040- óskað umsagnar - 2310001SU

Óskað er eftir umsögn um stefnumótun í uppbyggingu og umgjörð lagareldis. Umsagnarfrestur er til 4.11.2023.

Stjórn samþykkir að veitt verði almenn umsögn um stefnumótunina og felur formanni og starfsmanni að skrifa umsögn í samræmi við umræðu á fundi og senda til yfirlstrar hjá stjórn.

2. Sjávarútvegsfundur 2023 - 2309001SU

Lögð fram drög að dagskrá Sjávarútvegsfundar samtakanna árið 2023. Einnig þarf að ákveða fundaform og tímasetningu.

Drög að dagskrá kynnt. Ákveðið að halda staðfund með streymi sem haldinn verður þann 1. desember 2023. Formanni og starfsmanni falið að vinna dagskrá áfram og senda á stjórn.

Fundi var slitið kl. 08:45